

Alþingi
Erindi nr. P 130/2366
komudagur 7.5.2004

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2004.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm og lögum um ráðherraábyrgð, 130. löggjafarþing 2003–2004, þskj. 894-595. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreinda þingsályktunartillögu til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fram skuli fara heildarendurskoðun á ákvæðum laga um landsdóm nr. 3/1964 og laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu. Er lagt til að forsætisnefnd þingsins skipi fimm manna nefnd í því skyni. Þingsályktunartillagan snertir mikilvæg grundvallaratriði í stjórnskipan ríkisins er varða þriggreiningu ríkisvaldsins og stjórnskipunarréttarlega stöðu valdpáttanna þriggja. Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur ekki ólíklegt að í tengslum við slíka endurskoðun risi spurningar um breytingar á sjálfri stjórnarskránni. Í því sambandi minnir laganefnd á það að síðustu misseri hefur það verið allnokkuð til umræðu að tímabært sé að endurskoða ýmsa þætti stjórnarskrárinnar og getur laganefnd tekið undir þau sjónarmið. Laganefnd tekur ekki afstöðu til fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu sem slíkrar en leggur áherslu á það að mikilvægt sé að vanda til verka við endurskoðun stjórnarskrárinnar og lagaákvæða er varða grundvallaratriði í stjórnskipaninni.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, HRL., formaður.